

Starfshópur um jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar

Fundargerð 3. fundar, sem haldinn var í fundarsal bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar
14. janúar 2016 og hófst kl. 17:15.

Fundinn sátu: Guðlaug Kristjánsdóttir, Kristinn Andersen, Óskar Steinn Ómarsson og Valgerður Fjölfnisdóttir. Berglind G. Bergþórsdóttir var í leyfi og boðaði forföll.

Vinna frá síðasta fundi

- Tekinn hafði verið saman texti þar sem kallað var eftir innleggi áhugasamra í jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun sem er í vinnslu. Textinn var birtur 11. janúar á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar á íslensku, ensku og pólsku. Ennfremur var hann settur á Facebook síðu bæjarins, dreift til umsagnaraðila og annarra sem kunna að hafa innlegg í málið. Frestur fyrir innlegg í stefnuna er til 31. janúar.
- Berglind hafði tekið saman starfsáætlanir skólaskrifstofu 2012-2015 og samantekt jafnréttisverkefna fræðslu- og frístundaþjónustu 2016, sem allt var sent starfshópnum.
- Einnig hafði hópnum borist greinargerð frá framkvæmdastjóra stjórnarsýslusviðs, Kristjáni Sturlusyni, um eftirfylgni með jafnréttisáætlun 2012-2014.
- Þátttakendur í starfshópnum höfðu lesið gegnum núverandi jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar og eftir atvikum merkt hjá sér athugasemdir eða atriði sem mætti endurskoða.

Umræður á fundinum

- Horft var einkum til jafnréttisstefnu Kópavogs sem hugsanlegrar fyrirmyndar, auk mannréttindastefnu Reykjavíkur. Textinn í jafnréttisstefnu Kópavogs þótti m.a. hæfilega skýr og flæðandi til lestrar.
- Fólk var sammála um að draga úr óþörfum endurtekningum eða upptalningum á atriðum sem eru þegar lögbundin eða sjálfsögð af öðrum ástæðum. Í staðinn væri mikilvægt að endurskoðuð jafnréttisstefna væri hnitmiðuð, skýr, áhersluatriði væru tiltekin og reynt að koma fyrir mælanlegum atriðum. Ýmislegt í núverandi stefnu þótti úrelt.
- Samþykkt var að byrja með eftirfarandi uppsetningu og verklag við endurritun jafnréttisstefnunnar:

Almenn yfirlýsing / áskilnaður, samþætting m. öðrum stefnum *(Guðlaug byrji skrif)*
Tilvísanir í alþjóðlega samninga, lög, kjarasamninga o.þ.h.

Bærinn sem stjórnvald *(Óskar Steinn byrji skrif)*

Bærinn sem veitandi þjónustu og samstarfsaðili *(Valgerður byrji skrif)*

Bærinn sem vinnuveitandi *(Kristinn byrji skrif)*

Áhersluatriði, tímabundnar aðgerðir
Verkefni sem nú þegar eru hafin (hinsegin fræðsla, innflytjendur, jafnlaunastaðall,...)
(Öll skoði f. næsta fund)

Næsti fundur verði eftir tvær vikur fimmtudaginn 28. janúar kl. 17:15.

Fundi slitið kl. 18:15.